

Alþjóðaskólinn á Íslandi

Við upphaf skólaársins 2016-2017 hófu 80 nemendur nám við skólann en 87 nemendur eru skráðir við skólann og munu þeir hefja nám síðar á vetrinum.

Bekkjardeildir: 5 ára – 2. bekkur, 3.-6 bekkur og 7.-9. bekkur.

Við skólann starfa 16 starfsmenn (einn í fæðingarorlofi) þar af 11 við kennslu. 13 starfsmenn hafa réttindi til að starfa sem kennarar.

Framtíðarsýn Alþjóðaskólans er að geta boðið upp á vottað, alþjóðlegt nám fyrir nemendur frá 5 ára aldri og upp í 10. bekk. Í ár var bætt við 9. Bekk við skólann og áætlað er að bæta við 10. bekk næsta skólaár.

Skólinn bíður á alþjóðlega menntun fyrir grunnskólabörn á íslensku og ensku.

Ensk námsbraut (English Stream) er hugsuð fyrir nemendur sem búa tímabundið á Íslandi. Kennslan fer eingöngu fram á ensku og markmiðið er að nemendur geti flust á milli skóla, landanna á milli.

Tvítýngd námsbraut (Bilingual Stream) er hugsuð fyrir nemendur sem búa til lengri tíma á Íslandi. Markmiðið er að nemendur geti valið um íslenska skóla að námi loknu. Kennsla fer fram á íslensku og ensku.

Alþjóðleg faggilding: Alþjóðaskólinn á Íslandi er fyrstur skóla í sögu Íslands að fara í svokallað faggildingarferli samtaka alþjóðlegra skóla (e: Council of International Schools, CIS, <http://www.cois.org>) og bandarískrar stofnunar MSA. Ferlið tekur um þrjú ár og er stefnt að lokaúttekt í apríl 2017.

Sem alþjóðlegur skóli starfar skólinn samvæmt alþjóðlegum námsskrám og viðmiðum. Starfsmenn skólans koma frá ýmsum löndum, nemendur hafa aðgang að samræmdum alþjóðlegum prófum og skólinn þarf að uppfylla ákvæði alþjóðlegra staðla. Alþjóðlegar stofnanir hafa eftirlit með skólanum sem og sveitafélagið og Menntamálaráðuneytið.